

Fiskistofa
Dalshrauni 1
220 Hafnarfjörður

Reykjavík 14. febrúar 2018
UST201801-270/E.B.S.
08.12.01

Efni: Fiskvegur í Laugaá. Umsögn.

Vísað er til bréfs Fiskistofu dags. 24. janúar 2018, þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.

Framkvæmdasvæðið og framkvæmdir:

Laugaá er þverá sem kemur í Hörðudalsá þar sem greinist í Vífildal og Laugadal. Um 3 km. ofan við ármótin eru ófiskgengar flúðir og er hæðmunur yfir þær rúmir 3 m. Þar ofan tekur hallalítið svæði u.þ.b. 5 km. langt sem er í hæð 80-120 m. y.s. Afrennsli Laugaá við ármótin við Hörðudalsá er um 40 km².

Leyfi er óskað fyrir gerð fiskvegar þar sem umræddar flúðir eru. Ofan við fiskveginn er áætlað að verði steypdur varnarveggur sem veitir vatni í mestum flóðum frá fiskveginum. Op verður í varnarveggnum að fiskveginum. Hindrunin í Laugará er staðsett efst í grunnu gljúfri. Hæð hindrunarinnar er 3,5m. Tillagan gerir ráð fyrir að byggður verði fiskvegur við vesturbakanna með því að fleyga þrep í klöppina og er gert ráð fyrir að fiskvegurinn verði um 21 m að lengd og fleygaður niður þannig að jafn halli 1:6 fáiast. Hvert þrep er áætlað 50 cm að hæð og 300 cm langt og byggð yrðu 7 þrep til hliðar við núverandi farveg.

Áhrif á umhverfi

Umhverfisstofnun bendir á að gerð fiskvega getur haft í för með sér umtalsverða röskun á viðkvæmri náttúru.

Umhverfisstofnun bendir á að góð vinnubrögð við framkvæmdir og frágang séu grundvöllur þess að lágmarka neikvæð áhrif á landslag. Stofnunin telur mikilvægt að leitast verði við að forðast rask og að þess sé sérstaklega gætt að framkvæmdir valdi ekki óafturkræfum spjöllum. Þá undirstrikar stofnunin mikilvægi þess að jarðvegur sé ekki skilinn eftir opinn vegna hættu á jarðrofi sem dregur úr gæðum jarðvegs og að gróðurtorfum sé haldið til haga og nýttar við frágang svæðisins.

Umhverfisstofnun telur að miðað við ána verði fyrirhugaður fiskvegur fyrirferðarmikill og að mati stofnunarinnar mun fiskvegurinn hafa neikvæða ásynd á gljúfur og foss.

Umhverfisstofnun vill benda á að fossar njóta *sérstakrar verndar* skv. náttúruverndarlögum nr. 60/2013 (nvl.).

Í 3. gr. nvl. eru sett fram verndarmarkmið laganna fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni. Hugtakið jarðminjar er hér notað í víðtækri merkingu, þ.e. það vísar til einstakra þátta jarðfræðilegrar fjölbreytni, jarðmyndana og jarðfræðilegra fyrirbæra

ásamt tilheyrandi myndunar- og mótunarferlum eftir atvikum. Samkvæmt c. lið 3. gr. skal, til að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags, m.a. stefnt að því að vernda vatnsfarvegi, fossa og stöðuvötn svo sem kostur er.

Í 61. gr. laganna er kveðið er á um *sérstaka vernd* tiltekinna jarðmyndana og vistkerfa. Greinin svarar til 37. gr. eldri náttúruverndarlaga nr. 44/1999 en bent er á að 61. gr. núgildandi laga er þó ætlað töluvert meira vægi en raunin varð með fyrirrennara þess. Ákvæðinu var m.a. breytt á þann veg að nú ber að forðast að raska vistkerfum og jarðminjum sem njóta sérstakrar verndar nema brýna nauðsyn beri til. Áður var eingöngu talað um að forðast skyldi röskun eins og kostur er.

Í athugasemdum um greinina í frumvarpinu til laga nr. 60/2013 kemur fram að eldra ákvæðið (37. gr) hafi ekki haft mikla þýðingu við útgáfu framkvæmdaleyfa og áhrif hennar á gerð skipulagsáætlana, ákvarðanir um matsskyldu framkvæmda og framkvæmd umhverfismats samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum hafi einnig verið takmörkuð og að í framkvæmd hafi ákvæðið veitt veikari vernd en því var ætlað að veita. Breytingin miðar að því að bæta úr þessu og stuðla að því að betur verði vandað til málsmeðferðar stjórnvalda þegar teknar eru ákvarðanir sem snerta náttúrufyribæri sem falla undir greinina. Auk breytinga á greininni sjálfri voru lagðar til breytingar á skipulagslögum og lögum um mat á umhverfisáhrifum í þeim tilgangi að auka áhrif greinarinnar og styrkja þá vernd sem hún kveður á um.

Samkvæmt 2. mgr. 61. gr. njóta m.a. fossar og nánasta umhverfi þeirra, að því leyti að sýn að þeim spillist ekki, sérstakrar verndar í samræmi við markmið 3. gr. nvl. Skal áréttað að undir sérstaka vernd fellur því einnig skynjun fossa og upplifun af þeim.

Í 3. mgr. 61. gr. er kveðið afdráttarlaugar, en áður var gert, á um það hvað vernd skv. 1. mgr. og 2. mgr. feli í sér. Mælt er fyrir um bann við röskun þeirra náttúrufyribæra sem undir greinina falla nema brýna nauðsyn beri til og sýnt þyki að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir. Lagt er til að allar framkvæmdir sem fela í sér slíka röskun verði háðar framkvæmdaleyfi eða eftir atvikum byggingarleyfi, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki, svo að tryggt sé að tekið sé til rækilegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Þá er leyfisveitanda skylt að leita umsagnar Umhverfisstofnunar og viðkomandi náttúruverndarnefndar áður en leyfi er veitt, nema fyrir liggja bæði staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag þar sem umsagnir þeirra liggja þegar fyrir.

Hvað varðar þau sjónarmið sem leggja skal til grundvallar við mat á leyfisumsókn þá er rétt að líta til þeirra leiðbeininga sem settar eru fram í 4. mgr. 61. gr. Samkvæmt ákvæðinu þarf annars vegar að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hins vegar hagsmunina af fyrirhugaðri framkvæmd. Ætlast er til þess að við matið sé einnig litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laganna og skal ennfremur tekið mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi.

Gert er ráð fyrir að leyfisveitandi verði að rökstyðja sérstaklega ákvörðun um að veita leyfi ef hún fer í bága við álit umsagnaraðila, sbr. 5. mgr. Miðar þetta að því að tryggja vandaða málsmeðferð. Í rökstuðningi fyrir slíku leyfi væri eðlilegt að gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu, fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Í 5. mgr.

er einnig mælt fyrir um heimild til að binda leyfi skilyrðum sem nauðsynleg þykja til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufríbærni sem verða fyrir röskun.


Tilvísun til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. nvl. er ætlað að stuðla að markvissari beitingu greinarinnar með því að skýrar liggi fyrir að hvaða markmiði er stefnt. Í 1. og 2. mgr. er nú nánar afmarkað en áður hvaða náttúrufríbærni falla undir greinina.

Þá er þess að geta að meðfram vötnum, lækjum og ám með stöðugt vatnsborð, myndast gjarnan sérstakt gróðurbelti við náttúrulegar aðstæður og þar sem búfjárbætur er ekki þung. Þótt þetta belt sé ekki breitt (oftast fáeinir metrar) er það mikilvægt, bæði líffræðilega og vegna landslagsins. Beltið er mikilvægur felustaður og stundum varpstaður fyrir fugla og að auki búsvæði ýmissa smádyra. Bakkagróður getur dregið úr rofi og frá honum falla lífrænar leifar til vatnsins þar sem þær verða uppspretta næringarefna fyrir vatnavistkerfi. Vegna þessa skal við framkvæmdir í eða við vötn leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins, sbr. 62. gr. nvl.

Umhverfisstofnun bendir að lokum á að leita skuli allra leiða til að lágmarka umhverfisáhrif og sjónræn áhrif framkvæmdanna. Við framkvæmdir og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna ber ávallt að sýna ýrtrustu varúð og gera allt sem með sanngirmi má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll, sbr. 6. gr. nvl.

Samkvæmt framangreindu telur Umhverfisstofnun að hér beri að stíga varlega til jarðar og að leita beri allra leiða til að takmarka áhrif framkvæmdanna á viðkvæma náttúru og ásýnd svæðisins. Hafa ber og í huga varúðarreglu þá er sett er fram í 9. gr. nvl. Reglan felur það m.a. í sér að þegar tekin er ákvörðun á grundvelli náttúruverndarlaga, án þess að fyrir liggi með nægilegri vissu hvaða áhrif hún hefur á náttúruna, skal leitast við að koma í veg fyrir mögulegt og verulegt tjón á náttúruverðmætum.

Virðingarfyllst,



Agnar Bragi Bragason
teymisstjóri



Eva B. Sólán Hannesdóttir
lögfræðingur